



Fundargerð **Stjórnarfundur Sundeildar Umf. Selfoss þann 2. mars 2009 í Tíbrá.**

Fundur settur kl 19:30. Mættir voru Guðmundur formaður, Ingibjörg, Bryndís, Guðbjörg, Steinunn og Sigrún Sunna sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Aðalfundur Sunddeildarinnar verður 9. mars og sér Guðmundur um að auglýsa hann.
3. Farið yfir fjármál deildar, fjárhagsáætlun útskýrð og hún samþykkt. Rætt um fjáraflanir tengdar Þýskalandsför.
4. Ákveðið er að taka upp aftur að innheimta bakkamat á mótum og veður þetta í umsjá Bryndísar. Iðkendafjöldi stendur í stað, 34 einstaklingar. Stjórnarfélagi verður send ný iðkendaskrá. Athugað verður hjá öðrum deildum hvað þjálfarar fá í tímalaun fyrir tímavinnu, Guðmundur ætlar að skoða það.
5. Selfossmeistaramót þann 14. mars n.k. Athuga þarf með starfsfólk á þessu móti. Einnig þarf að athuga með þáttökuverðlaun fyrir 10 ára og yngri.
6. Skemmtikvöld fyrirhugað í Tíbrá þann 18. mars og ákveðið að hafa spilakvöld.
7. Huga þarf að nýjum fjáröflunarleiðum fyrir deildina í sambandi við utanlandsferð.
8. Endurnýjun sundfatnaðar er í vinnslu.
9. Önnur mál.
Ákveðið að systkni og foreldrar iðkenda gangi fyrir í ferðir innan deildarinnar. Í flöskusöfnun gildir að þeir sem taka þátt mega koma. Flöskusöfnun er frestað þar sem hana ber upp á kosningadaginn. Ný dagsetning ákveðin á næsta stjórnarfundum.
Guðmundur sagði frá Sundþinginu sem hann sat.
Ingibjörg sagði frá Hérðasþingi HSK, m.a. skipan sundnefndar HSK og stjórnar HSK. Einnig var sagt frá að HSK væri að stækka því Ungmennasamband Vestur-Skaftfellings væri að ganga í HSK.
Skiltin á sundhöllinni verða ekki hengd upp fyrr en í vor.
Bryndísi og Guðbjörgu er falið að ákveða dagsetningu fyrir utanlandsferð.

Ákveðið er að halda næsta fund 30. mars n.k. í Tíbrá.

Fundi slitið kl 21:30

Sigrún Sunna.